





SAMÞYKKT Á SKÁTAPÍNGI 2020

FYRIRMYND TIL FRAMTÍÐAR

STEFNA BANDALAGS ÍSLENSKRA SKÁTA 2020-2025



FYRIRMYND TIL FRAMTÍÐAR FRAMTÍÐARSÝN SKÁTANNA TIL 2025




LEIÐARLJÓS

Leiðarljós skátanna er að bjóða öllum skátum, ungum sem öldnum, ævintýralegan vettvang, fjölbreytt tæki og persónulegar áskoranir til að tileinka sér samfélagsvitund og færni til framtíðar.

FRAMTÍÐARSÝN

Árið 2025 hafa skátarnir endurskoðað og endurbætt starfsemi sína svo um munar, framsýni og fagmennska einkennir störf skátanna. Skátastarfið er nútímalegt og ímyndin er jákvæð. Starfandi skátafélögum hefur fjölgæð um 5 og sjálfboðaliðum í skátastarfi hefur fjölgæð jafnt og þétt. Fleiri börn og ungmenni stunda skátastarf þar sem þau læra færni til framtíðar og að láta sig samfélagið varða. Í starfinu njóta þau leiðsagnar fullorðinna sjálfboðaliða sem eru glaðir og ánægðir með sitt hlutverk og verkefni og gefst færi á að sækja sér vandaða þjálfun í Skátaskólanum.






STEFNU- ÁHERSLUR

FÓLK

Skátarnir bjóða sjálfboðaliðum og starfsfólki upp á heilbrigtt og uppbyggilegt starfsumhverfi.



FRAMSÝNI

Skátarnir starfa í takt við tímann og oftar en ekki einu skrefi á undan.




FÆRNI

Með vandaðri dagskrá og þjálfun veita skátarnir þátttakendum tækifæri til að efla færni sína til framtíðar með rödd ungs fólks að leiðarljósi.

HEIMSMARKMIÐIN OKKAR

Skátahreyfingin er í einstakri aðstöðu til að valdefla börn og ungmenni til að verða hreyfiafl jákvæðra breytinga í heiminum. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna eiga því að vera skátum hugleikin. Skátastarf snýst í grunninn um að láta sig samfélagið varða og heimsmarkmiðin eru þar af leiðandi órjúfanlegur þáttur í þeirri vegferð. Heimsmarkmiðin eru 17 talsins og er hvert og eitt þeirra staðsett í þessari stefnu þar sem það á helst við, þó mörg þeirra eigi við á fleiri stöðum. Til dæmis á markmið nr. 4 „Menntun fyrir alla“ alltaf við þegar skátastarf er annars vegar. Heimsmarkmiðin eru markmið okkar allra. Hvað ætlar þú að gera?



8 GÓÐ ATVINNA OG HAGVÖXTUR



SKÁTASTARF UNDIRBÝR ÞIG FYRIR FRAMTÍÐINA

10 AUKINN JÓFNUBUR



SKÁTAR AF ÖLLU TAGI - SAMAN SEM EIN HEILD

12 ÁBYRG NEYSLA OG FRAMLEIÐSLA



SKÁTI ER NÝTINN

14 LÍFI VATN



HUGSAÐU ÁÐUR EN ÞÚ STURTAR

16 FRIBUR OG RÉTTLÆTTI



VERUM GÓÐ HVERT VIÐ ANNAÐ

18 STYRKJA OG VIRKJA UNGT FÓLK



RÁÐUM OKKAR FRAMTÍÐ

PRÓFUM NÝJA HLUTI

9 NÝSKÖPUN OG UPPBÝGGING



FERÐUMST GRÆNT

11 SJÁLFBÆRAR BORGIR OG SANFELOG



VERUM TIL FYRIRMYNDAR

13 ÁGGERDÍR LOFTSLAGSMÁLUM



SKÁTI ER NÁTTÚRVINUR

15 LÍFI LANDI



TENGJUM SAMAN LÖND VIÐ LÖND

17 SAMVINNA UM MARKMÍÐIN




SUSTAINABLE DEVELOPMENT GOALS



FÓLK

Skátarnir bjóða sjálfboðaliðum og starfsfólki upp á heilbrigt og uppbyggilegt starfsumhverfi

FÓLK



STYRKLEIKAR

- Gleði
- Skátaandinn
- Náungakærleikur
- Samhugur
- Frumkvæði
- Aðild að Æskulýðsvettvangnum
- Verkferlar til staðar
- Félagaþrennan



VEIKLEIKAR

- Of lítil verkdreifing
- Lítill stuðningur
- Fáar aðgönguleiðir fyrir utanaðkomandi
- Tímaskortur
- Aðrar skyldur sjálfboðaliða
- Aðgengi á viðburði erlendis



TÆKIFÆRI

- Foreldrabátttaka
- Bættir ferlar
- Aukin miðlun
- Betra upplýsingaflæði og bætt samskipti
- Skýrari ferlar við uppgöngu milli aldursbila
- Samfélagsbreytingar
- Alþjóðlegt tengslanet og samstarf



ÓGNANIR

- Samskipti
- Hraði samfélagsins
- Styttri skólaganga takmarkar tíma sem varið er í tómstundir
- Samkeppni um tíma
- Skortur á mannauði
- Skortur á endurnýjun
- Samfélagsbreytingar



FJÖLGUN OG NÝLIÐUN

Markmið skátanna er að styrkja foringjahóp og bakland hreyfingarinnar með því að virkja óvirka skáta, fjölgum nýliðum og minnka brottfall. BÍS leggur áherslu á að styðja félög til vaxtar á þeirra forsendum.

Mælikvarðar:


- Hvert félag setur sér markmið og mælikvarða um eftirfarandi atriði og að þeim verði náð árið 2025 og fær til þess viðeigandi stuðning frá BÍS:
 - fjölgun foringja
 - fjölgun virkra sjálfboðaliða í félagini
 - fjölgun skáta
 - minnkun brottfalls
- BÍS setur sér markmið um að fjölgum starfandi skátafélögum um 5 árunum 2020-2025.
- Í lok árs 2025 verði búið að útfæra leiðir til þess að:
 - fjölgum foringjum
 - fjölgum virkum sjálfboðaliðum í félagini
 - fjölgum skátum
 - minnka brottfall milli aldursbila
- Að fyrir lok árs 2025 sé 80% sveitarforingja sammála því að staðalímyndir almennings hái ekki fjölgun skáta.

SÁTTIR SJÁLFBOÐALIÐAR

Markmið skátanna er að veita fólk tækifæri á að taka þátt í uppbyggilegu sjálfboðastarfi þar sem það nýtur sín í starfi, getur miðlað af reynslu sinni og fær tækifæri til að vaxa og dafna.

Mælikvarðar:

- Að fyrir lok árs 2025 hafi sjálfboðaliðastefna BÍS verið innleidd á lands- og félagsstigi. Með innleiðingu er átt við að hún hafi verið samin, kynnt og tekin upp í öllu starfi BÍS og hjá 60% skátafélaga.
- Að fyrir lok árs 2025 séu til áætlanir um móttöku nýrra sjálfboðaliða og 60% félaga nýti sér þær áætlanir á virkan máta.
- Að fyrir lok árs 2025 séu verklýsingar og samningar til fyrir öll hlutverk og verkefni í starfi BÍS og gagnabanki aðgengilegur með helstu verklýsingum og samningum í starfi skátafélaga, auk leiðbeininga um félagaþrennuna.
- Að fyrir lok árs 2025 sendi Skátamiðstöðin ánægjukönnun á alla sjálfboðaliða skátahreyfingarinnar tvísvar á ári og niðurstöðum hennar verði fylgt eftir.





SAMSKIPTI OG ÁBYRGÐ VERKLAG

Markmið BÍS er að vera þekkt fyrir faglegt verklag, viðbragðsflýti og ábyrgð. Samskipti séu skilvirk og þjóni forgangsatriðum skátaþreyfingarinnar.

Mælikvarðar:

- Að fyrir lok árs 2025 séu allir meðlimir hreyfingarinnar 15 ára og eldri meðvitaðir um siðareglur og viðbragðsáætlanir BÍS.
- Að fyrir lok árs 2025 sýni þjónustukönnun fram á að þorri skátafélaga sé mjög ánægður með þjónustu og þjónustuframboð Skátamiðstöðvarinnar.
- Að fyrir lok árs 2025 hafi verkefnastjórnunarlegar aðferðir verið innleiddar í skátastarf á öllum sviðum, þannig að undirbúningur viðburða og verkefna sé fullnægjandi og verkefni endurmetin á markvissan hátt.
- Að fyrir lok árs 2025 sé BÍS í hópi 20% bestu bandalaga í GSAT úttektum á skátaþreyfingunni í heiminum, og með 80% niðurstöðu. Rekstrarkröfum WOSM sé fullnægt á öllum sviðum.






FÆRNI

**Með vandaðri dagskrá og þjálfun
veita skátarnir þáttakendum tækifæri
til að efla færni sína til framtíðar með
rödd ungs fólks að leiðarljósi**

FÆRNI



STYRKLEIKAR

- Aðferða- og hugmyndafræði skátastarfs er skýr
- Ungmenni virk í stjórnum og verkefnahópum
- Gott samstarf við alþjóðahreyfingar skáta
- Nýir sprotar eins og ný færnimerki, fjölskylduskátun og félagaþrennan
- Jákvæðir og öflugir foringjar í flestum félögum
- Samstarf skátafélaga er að aukast
- Góð aðstaða og fjölbreyttir viðburðir, innanlands sem utan
- Skátarnir hafa sérstöðu meðal æskulýðs- og félagsstarfs



TÆKIFÆRI

- Skátastarf hefur jákvæð áhrif á andlega heilsu og seiglu ungmenna, aukin ungmennaþátttaka og þátttokulýðræði
- Vaxtarþækfæri í breiðari aldri starfandi virkra skáta
- Nýta betur nútímalega miðla og nýjustu tækni
- Útilíf aðgreinir skátastarf frá öðru æskulýðsstarfi og nær börnum frá skjánum
- Sterkara starf með auknu ungmennalýðræði
- Aukin þjálfun og þátttaka fullorðinna
- Aukið framboð viðburða á alþjóðlegum vettvangi


VEIKLEIKAR

- Skortur á aðgengilegu stuðningsefni fyrir foringja
- Óskilvirk miðlun efnis
- Sumir þættir starfsgrunnsins eru vannýttir, s.s. samfélagsþátttaka, sveitarráð, náttúran og foringjaflokkar
- Skortur á eftirfylgni
- Of fáar sjálfboðnar hendur um of mörg verk



ÓGNANIR

- Hraðari samfélagsbreytingar
- Ofverndun barna
- Þátttökukostnaður fyrir börn og ungmenni
- Samkeppni um frítíma barna
- Erfitt að mæla árangur skátastarfs miðað við t.d. íþróttir



ÆVINTÝRALEG, HEILDSTÆÐ DAGSKRÁ

Markmið skátahreyfingarinnar er að gera ungt fólk sjálfstætt, ábyrgt og virkt í samféluginu. Skátarnir bjóða upp á metnaðarfullt og aðgengilegt dagskrárefni fyrir skáta sem byggt er á heildstæðum starfsgrunni með aukinni áherslu á útiveru og verndun náttúru.

Mælikvarðar:

- Að 80% skátasveita nýti helstu þætti starfsgrunnsins: Stuðningsefni foringja, skátaaðferðina, dagskrárhringinn, flokkakerfið og hvatakerfið.
- Að fyrir lok árs 2025 sé komið í notkun markmið, merki, hvatakerfi, og táknræn umgjörð fyrir hvert og eitt aldursbil.
- Að fyrir lok árs 2025 sé búið að útfæra byrjunarpakka fyrir hvert aldursbil sem auðveldar skátafélögunum að innleiða ævintýralegt og metnaðarfullt skátastarf.
- Að fyrir lok árs 2025 verði búið að útfæra markmið, merki, hvatakerfi, og táknræn umgjörð fyrir aldursbilið 5-7 ára.
- Að fyrir lok árs 2025 verði búið að útfæra markmið, merki, hvatakerfi, og táknræn umgjörð fyrir fjölskylduskáta.
- Að fyrir lok árs 2025 sé skýrt hvernig flutningi milli aldursbila er háttað.

SKÁTASKÓLINN Framúrskarandi leiðtogaþjálfun

Markmið skátahreyfingarinnar er að þjálfa leiðtoga til framtíðar. Skátarnir bjóða upp á námskeið í leiðtogaþjálfun fyrir alla skáta, 10 ára og eldri, sem eru eftirsótt, heildstæð, nútímaleg og aðgengileg. Skátaskólinn hefur yfirumsjón með allri þjálfun og fylgir heildstæðri námskrá.

Mælikvarðar:

- Að fyrir lok árs 2025 fái sveitarforingjar nægan stuðning til að tileinka sér stuðningsefni á fjölbreyttu formi og yfir 80% þeirra segist þekkja vel til efnisins í foringjakönnun BÍS.
- Að fyrir lok árs 2025 hafi skátar, sjálfboðaliðar og nýliðar í öllum landshlutum og á öllum aldursbilum aðgengi að a.m.k. 40 klst. fræðslu á ári (bar af 20 klst. á rafrænum vettvangi).
- Að gæði hvers námskeiðs séu mæld í endurmatskönnun og nái að meðaltali 7/10.
- Að 70% allra skáta taki þátt í einhvers konar þjálfun á ári hverju
- Að fyrir lok ársins 2025 verði reglubundin þjálfun í boði fyrir alla sveitarforingja ásamt aðgengilegu stuðningsefni sem auðveldar þeim að bjóða upp á gott skátastarf fyrir sig og sína sveit.





Raddir ungsfólks



Eftirsóttir viðburðir

Til þess að efla skátastarf á Íslandi bjóða skátarnir upp á eftirsóttu viðburði fyrir öll aldursbil, sem endurspeglar gildi skátaþreyfingarinnar, heildstæðan dagskrárgrunn og skátaaðferðina.

Mælikvarðar:

- Árið 2025 taki allir starfandi skátar þátt í a.m.k. einum skipulögðum viðburði á vegum skátaþreyfingarinnar, t.d. BÍS, skátafélags, WOSM, WAGGGS eða annarra áhugasamra hópa.
- Fyrir lok árs 2025 verði til heildstæð áætlun um viðburðahald BÍS.
- Fyrir lok árs 2025 verði komið fast vinnulag um að allir viðburðir séu endurmetnir og endurmatið nýtt í þróun viðburða hreyfingarinnar.
- Fyrir lok árs 2025 verði til leiðarvísir um hvernig megi lágmarka kolefnisspor viðburða.

Markmið skátaþreyfingarinnar er að ungt fólk (25 ára og yngri) sé valdefilt og hafi virka rödd á öllum stigum ákvarðanatöku. Þátttökustiga Harts* samkvæmt sjálfsmati sem ungt fólk á aðild að.

Mælikvarðar:

- Að fyrir lok árs 2025 sé skátastarf á öllum aldursbilum og allri stjórnsýslu í 6.-8. þrepi Þátttökustiga Harts* samkvæmt sjálfsmati sem ungt fólk á aðild að.
- Að fyrir lok árs 2025 noti allar skátasveitir lýðræðislegar aðferðir, t.d. lýðræðisleiki, til þess að móta dagskrá.
- Fyrir lok árs 2025 tekur ungt fólk þátt í öllum ákvörðunum skátaþreyfingarinnar.
- Að fyrir lok árs 2025 séu ungmenni handhafar í það minnsta 25% atkvæða á Skátabingi.
- Að fyrir lok árs 2025 sé BÍS með viðeigandi ferla sem sjá til þess að allt ungt fólk fái viðeigandi þjálfun og stuðning til að tryggja að þau geti sannarlega tekið þátt í ákvarðanatöku innan hreyfingarinnar.



Sjá umfjöllun um Þátttökustiga Harts á blaðsíðu 18.

6 HREINT VATN OG HREINLÆTISABSTABA



7 SJÁLFBÆR ORKA



10 AUKINN JÖFNUDUR




11 SJÁLFBÆRAR BORGIR OG SAMFÉLÓG



12 ÁBYRG NEYSLA OG FRAMLEIBSLA





FRAMSÝNI

Skátarnir starfa í takt við tímann og oftar en ekki einu skrefi á undan

FRAMSÝNI



STYRKLEIKAR

- Ævintýrablær
- Vinátta sem endist
- Mjög þekkt auðkenni
- Sterk alþjóðahreyfing
- Samfélagsáhrif



VEIKLEIKAR

- Íhaldsseimi
- Fortíðarþrá
- Hræðsla við breytingar
- Stöðnuð ímynd



TÆKIFÆRI

- Innleiðing heimsmarkmiða
- Aukinn skilningur á að reynsla af skátastarfi sé metin á vinnumarkaði
- Betra skátastarf gerir miðlun auðveldari
- Rafræn miðlun
- Þróun nútímalegrar ímyndar
- Aukin samfélagsábyrgð og náttúruvernd



ÓGNANIR

- Röng ímynd og staðalímyndir
- Miðlun nær ekki til markhópa
- Misskilningur
- Slæm umfjöllun
- Loftslagsbreytingar

1 ENGIN
FÁTÆKT



2 EKKERT
HUNGUR



13 ABGERDÍRÍ
LOFTSLAGSMÁLUM



14 LÍFI
VATN



15 LÍF Á
LANDI



SAMFÉLAGSLEG ÁBYRGÐ

Markmið skátanna er að leggja sitt af mörkum til að stuðla að framförum í samféluginu og að vera til fyrirmynnar þegar kemur að samfélagsþáttöku og umhverfisvernd.

Mælikvarðar:

- Að fyrir lok árs 2025 séu heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna innleidd í allt skátastarf.
- Að fyrir lok árs 2025 hafi virk umhverfisstefna sem er framsækin og í takt við kröfur samfélagsins verið innleidd í allt skátastarf.
- Að fyrir lok árs 2025 hafi virk jafnréttisstefna verið innleidd í allt skátastarf.
- Að fyrir lok árs 2025 séu samfélagsverkefni sjálfsagður hluti af starfi flokka, sveita, félaga og BÍS.

NÚTÍMALEGT SKÁTASTARF

Markmið skátanna er að halda í við þær hröðu breytingar sem verða í samféluginu á hverju ári og þróa starfið svo að það sé bæði í takt við tímann og gildi skátanna.

Mælikvarðar:

- Að fyrir lok árs 2025 sé áhersla lögð á inngildingu í skátastarfi og gengið úr skugga um að öll börn á Íslandi hafi tök á að kynnast skátastarfi.
- Að fyrir lok árs 2025 sé búið að innleiða fræðslu um hvernig skal taka á móti börnum með ólíkar þarfir og bakgrunn.
- Að fyrir lok árs 2025 hafi efni um skátastarf verið gefið út á tungumálum helstu innflytjendahópa á Íslandi.
- Að fyrir lok árs 2025 sé útvist enn ríkari partur af skátastarfi og að fræðsla, dagskrárefni og viðburðir taki mið af því.
- Að fyrir lok árs 2025 sé til fræðsla og dagskrárefni um hvernig má nýta tæknina á ábyrgan hátt í skátastarfi án þess að það bitni á öðrum gildum starfsins.
- Að fyrir lok árs 2025 sé búið að innleiða fræðslu um geðheilsu bæði barna og fullorðinna sem hluta af leiðtogaþjálfun.





AUKIN UMFJÖLLUN

Markmið skátanna er að umfjöllun í opinberum miðlum endurspegli raunverulegt skástastarf og að almenningur þekki vel til skátanna, gilda skástastarfs og starfsemi BÍS og dótturfélaga.

Mælikvarðar:

- Að fyrir lok árs 2025 birtist hið minnsta 12 sinnum á ári jákvæðar fréttir af skátum eða skátar sem viðmælendur í miðlum með landsdekkun.
- Að fyrir lok árs 2025 sé boðið upp á þjálfun í opinberri framkomu og miðlun efnis á hverju ári.
- Að fyrir lok árs 2025 sé skátum reglulega boðið upp á þjálfun í vinnslu nútímalegs kynningarrefnis.
- Að fyrir lok árs 2025 sé búið að útfæra metnaðarfullar leiðir til kynna skástastarf fyrir foreldrum skáta sem skátafélög geta nýtt sér.
- Að fyrir lok árs 2025 séu 80% skátafélaga með virka kynningaráætlun og telji sig fá nægan stuðning frá BÍS við kynningarmál.
- Að fyrir lok árs 2025 hafi verið framkvæmt metnaðarfullt verkefni um að nútímovæða ímynd skástastarfs.
- Að fyrir lok árs 2025 nái samfélagsmiðlar skáta til helmingi fleiri með virkum hætti en í ársbyrjun 2020.
- Að fyrir árslok 2025 standist allir vefir skáta aðgengisviðmið og séu reglulega uppfærðir, búið sé að tryggja svigrúm þeirra sem bera ábyrgð á vefjum til að sinna þessum verkefnum.



ÞÁTTÖKUSTIGI HARTS

MARKMIÐ
SKÁTANNA

8. FRUMKVÆÐI UNGS
FÓLKS, SAMEIGINLEG
ÁKVARÐANATAKA

7. FRUMKVÆÐI OG
FRAMKVÆMD UNGS
FÓLKS

6. FRUMKVÆÐI
FULLORÐINNA
EN SAMEIGINLEG
ÁKVARÐANATAKA

5. UPPLÝSTIR
RÁÐGJAFAR

4. ÚTHLUTUÐ, EN
UPPLÝST ÞÁTTAKA

3. AÐEINS AÐ NAFNINU
TIL

2. TIL SKRAUTS

1. SPILAÐ MEÐ
ÞÁTTAKENDUR

RAUNVERULEG
ÞÁTTAKA
NEIKVÆÐ
ÞÁTTAKA

Þáttökustigi Hart's
er notaður til að meta
raunverulega þáttöku
barna og ungmenna.

Í neðstu þremur
þrepnum eru neikvæð
þrep þáttöku, þar sem
þáttaka barnanna
er í raun neikvæðari
en ef þau væru ekki
með í verkefninu. Efri
þrepin fimm eru þrep
raunverulegrar þáttöku,
allt frá óvirkri þáttöku
til raunverulegs
frumkvæðis með
stuðningi fullorðinna.

Markmið skáta-
hreyfingarinnar er að
þáttaka barna og
ungmenna sé ávallt
í að minnsta kosti
sjötta þrei.

*Texti byggður á bókinni
9 þrep æskulýðsstarfs, eftir
Guðmund Ara Sigurjónsson.*


LEIÐIRNAR AÐ MARKMIÐUNUM


Hvernig stefnan verður að veruleika byggir að stóru leyti á starfi skátafélaganna og því mikilvægt að leiðtogar skátastarfsins á hverjum stað ákveði sínar áherslur í samræmi við stefnuna.

Hvað getur hvert skátafélag gert með sínum félögum?

Frumkvæði hvers félags er mikilvægt en einnig verður lögð áhersla á að miðla reynslu og fræðslu milli skátafélaga.

skatarnir.is/stefna





SKÁTARNIR